

Reykjavík 31.10. 2022

Til þeirra er málið varðar.

Fyrir hönd foreldra barna í leikskólanum Hlíð og í fullu samráði við starfsfólk leikskólans óskum við hér með eftir samstarfi og stuðningi Reykjavíkurborgar í leit okkar að húsnæði innan Hlíðahverfis.

Ljóst er að endurbætur á húsnæði Stóru Hlíðar munu taka langan tíma og alls óvíst hvort leikskólinn opni þar yfir höfuð aftur. Endurbætur á Litlu Hlíð eru ekki síður mikilvægar og líklegt að framkvæmdir þar taki einnig nokkurn tíma. Foreldrar hafa skilning á því að ekki er hægt að halda uppi skólastarfi í óbreyttri mynd og styðja starfsfólk leikskólans heilshugar.

Rætt hefur verið um að þetta ástandi muni vara í að minnsta kosti ár og hefur börnum okkar og starfsfólki leikskólans verið komið fyrir á þrjá mismunandi staði í borginni. Ljóst er að það mun taka einhverjum breytingum með tímanum með tilheyrandi óvissu og óþægindum og ekki hefur fundist bráðabirgðahúsnæði sem rúmar allan leikskólann.

Það hentar foreldrum og börnum illa að fara þurfi í önnur hverfi til að sækja leikskóla. Útgjöld heimilanna aukast, tekjur skerðast og lífsgæði rýrna við það að þurfa að eyða löngum tíma í að keyra á milli hverfa. Á þetta að sjálfsögðu einnig við um starfsfólk leikskólans, stétt sem sinnir einu mikilvægasta starfi samfélagsins en uppsker hvorki þau laun né þá virðingu sem það á skilið. Foreldrar eru logandi hræddir við að missa sitt góða starfsfólk á aðra leikskóla innan hverfis, því að geta sótt vinnu fótgangandi er ómetanlegt. Það rímar auk þess illa við stefnu Reykjavíkurborgar í samgöngu- og umhverfismálum.

Á þessum miklu óvissutímum viljum við, foreldrar barna á Leikskólanum Hlíð, gjarnan fá Reykjavíkurborg í lið með okkur við að finna leikskólanum hentugt húsnæði innan hverfis. Umleitnir eru hafnar og höfum við fundið laust atvinnuhúsnæði að Arnarhlíð 2, við hliðina á Valsheimilínu. Hæglega er hægt að breyta húsnæðinu í bjartan og fallegan leikskóla, þar sem rúma mætti allar deildir leikskólans á meðan lagfæringum á húsnæðum standa yfir. Við teljum að þetta styðji við þéttingu byggðar og tefli fram grunnþjónustu sem styður við frekari uppbyggingu á svæðinu. Útisvæði þyrfti að vinna í samvinnu við Íþróttafélagið Val, sem hingað til hefur staðið þétt við bak skóla og leikskóla í hverfinu en nálægðin við útivistarparadísina Öskjuhlíð er einnig mikil. Valdimar Svavarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Hlíð, eiganda húsnæðisins, tekur vel í þessa hugmynd.

Við gerum okkur grein fyrir öllum þeim hindrunum sem gætu komið í veg fyrir þessa hugmynd en foreldrar barna á Hlíð er samstilltur hópur sem er tilbúinn til að leggja Reykjavíkurborg lið við að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Við höfum alla trú á því að með samstilltu átaki og miklum vilja borgarinnar til að koma til móts við foreldra, börn og starfsfólk Hlíðar getum við fært fjöll.

Það er okkar von að Reykjavíkurborg sjái tækifærin í því að opna leikskóla á þessum stað og stuðla þannig að rótfestu barna sem að öllu óbreyttu eiga eftir að vera á vergangi í a.m.k. ár. Við vonum að þessari hugmynd verði tekið af opnum hug, jákvæðni og vilja til verka.

Við, fulltrúar foreldra, viljum gjarnan setjast niður með fulltrúum borgarinnar og ræða lausnir. Við óskum hér með eftir fundi við allra fyrsta tækifæri.

Fyrir hönd foreldrafélags Hlíðar,  
Fríða Sigurðardóttir  
Kristján Hjálmarsson  
Áslaug Magnúsdóttir